


Árganganámskrá

2025 – 2026



5.

bekkur

Efnisyfirlit

Árganganámskrá.....	3
Kennarar í árganginum.....	3
Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum	3
Nestis- og matarmál nemenda	4
Endurvinnsla.....	4
Í Breiðagerðisskóla er allur úrgangur flokkaður. Nemendur gegna þar stóru.....	4
Heimanám	5
Námsmat.....	5
Starfið í árganginum.....	6
Íslenska.....	7
Stærðfræði	11
Samfélagsgreinar	14
Náttúrugreinar	19
Enska	22
Upplýsinga og tæknimennt.....	27
Myndmennt	30
Textílmenn	30
Hönnun og smíði	32
Heimilisfræði.....	33
Tónmennt	34
Sund.....	35
Skólaíþróttir.....	36
Stoðþjónusta	38

Árganganámskrá

Í árganganámskrá 2. bekkjar kemur fram áætlun um það helsta sem nemendur árgangsins koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árgangsins er samin í samræmi við [Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011, Greinasvið 2013](#), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla. Endurskoðun árganganámskráa vegna nýrra greinanámskráa er hafin en mislangt komin sjá nýja aðalnámskrá [hér](#).

Kennarar í árganginum

Ragnhildur Lára Finnsdóttir	umsjónarkennari
Haraldur Karlsson	umsjónarkennari
Kristján Jesús Potenciano	Náttúru- og samfélagsfræði
Ásdís Björg Gestsdóttir	tónmennt og bókmenntir
Guðrún Þóra Elfar	íþróttir
Viktor Berg Arnarsson	íþróttir og sund
Elínóra Kristinsdóttir	myndmennt
Halla Leifsdóttir	hönnun og smíði
Guðlaug Sigurðardóttir	lífsleikni
Linda Björk Pétursdóttir	enska
Steinunn Svansdóttir	textílmennt
Mínerva Alfreðsdóttir	heimilisfræði

Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur fram að menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Samstarfið snýst annars vegar um nám og velferð hvers einstaklings og hins vegar um starf í einstökum árgöngum um nám félags- og tómstundarstarf. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og upplýsingamiðlun beggja aðila.

Foreldrafulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi og hafa þeir skv. 4.gr. laga Foreldrafélags Breiðagerðisskóla eftirfarandi hlutverk: að starfa með stjórn foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf við foreldra innbyrðis, vinna með kennurum við skipulagningu á bekkjarfundum, skemmtunum og öðrum verkefnum. Þannig er leitast við að styrkja innra starf skólans og treysta samband heimila og skóla.

Foreldrar hafa komið að jólaskemmtunum með því að leggja til veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

Nestis- og matarmál nemenda

Í Aðalnámskrá Grunnskóla, Almennum hluta (2011) kemur fram að skólar skuli stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Lýðheilsustöð hefur sett fram heildstæðar ábendingar um almennt matarræði skólabarna. Við skipulag og matseðlagerð fyrir Breiðagerðisskóla hafa ábendingar frá Lýðheilsustöð verið hafðar að leiðarljósi. Breiðagerðisskóli kaupir hádegismat af Skólamat. Nemendum í Breiðagerðisskóla gefst kostur á að fá hollan og næringarríkan hádegisverð þeim að kostnaðarlausu. Starfsfólk Breiðagerðisskóla vill beina þeim tilmælum til foreldra að senda börn sín með hollt nesti í skólann. Mælt er til að ekki séu notaðar einnota drykkjarumbúðir en þess í stað notaðir drykkjarbrúsar undir drykki.

Sætindi eru eingöngu leyfð þegar við gerum okkur dagamun. Í þeim tilfellum fá foreldrar tilkynningu með tölvupósti frá kennurum.

Við viljum minna á að Breiðagerðisskóli er hnetulaus skóli.

Endurvinnsla

Í Breiðagerðisskóla er allur úrgangur flokkaður. Nemendur gegna þar stóru hlutverki. Þeir sjá um að fara með lífrænan úrgang í flokkunarstöð og flokka pappír, plast og málma í kennslustofunum. Allir árgangar fá fræðslu um nauðsyn þess að flokka úrgang og þar útskýrð jákvæð áhrif flokkunar á umhverfið.

Einn af grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er sjálfbærni. Algengasti skilningur á hugtakinu sjálfbærni er að við skilum umhverfinu til afkomenda okkar í ekki lakara ástandi en við tókum við því. Umhverfið og náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Nemendur þurfa því að þekkja, skilja og virða náttúruna. Umhverfisvernd er því dæmi um eitt úrlausnarefni sjálfbærrar þróunar og er því mikilvægt að vekja nemendur til umhugsunar um flokkun úrgangs og gefa þeim tækifæri til að vera virkir þátttakendur í því.

Heimanám

Heimanám er frekari þjálfun á þeim viðfangsefnum sem eru í gangi í skólanum. Heimanám í 5. bekk er skráð í Mentor. Lesa upphátt í a.m.k. 15 til 20 mínútur 5 daga vikunnar. Heimavinna í íslensku og/eða stærðfræði fer heim á föstudögum og er skilað á miðvikudögum. Einnig eru lesgreinar svo sem samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni og enska í heimanámi en þó ekki reglulega.

Námsmat

Námsmat í 1.-7. bekk er reglubundinn þáttur í skólastarfinu og er megin tilgangur þess að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið. Áætlanir um valda þætti í náminu er að finna í Mentor. Þar koma fram markmiðin með verkefnum, leiðir og hvað metið verður. Með áætlunum fylgja stigskiptir matskvarðar þar sem fram kemur hvaða hæfni nemendur eiga að ráða yfir í lok verkefna. Námsmatið er fjölþætt og verður m.a. metin þekking, samvinna, leikni og vinnubrögð, ásamt frumkvæði og skapandi hugsun. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og verður m.a. stuðst við kennaramat, sjálfsmat, jafningjamat og mat á einstökum verkefnum. Námsmatsviðtöl eru tvisvar á þessu skólaári, en þá ræða nemendur, foreldrar og kennarar nám nemenda og líðan þeirra í skólanum. Fyrri

viðtalið er í október og þá meta nemendur sjálfir í samvinnu við foreldra sína ýmsa þætti sem tengjast skólastarfinu og náminu í skólanum og verður það ásamt mati kennara til umræðu á fundinum. Annað viðtalið er í lok janúar en því viðtali stýrir nemandinn. Námsmatið byggir á símati sem felur í sér að kennarar setja öðru hvoru eftir því sem við á nýtt mat inn í Mentor. Matið byggist alltaf að einhverju leyti á sjálfsmati nemenda þannig eru þeir þátttakendur í matinu. Læsi í víðum skilningi er einn af grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá. Í 5. bekk eru lögð fyrir lesskilningspróf í október og í lok apríl. Prófin kanna hversu vel nemendum gengur að skilja meginefni í texta, átta sig á staðreyndum, skilja erfið orð og orðasambönd, lesa milli lína og draga ályktanir. Prófin eru því greinandi og auðvelda kennurum að leiðbeina nemendum við námið, þannig að lesskilningur nemanda haldi áfram að þróast. Einnig eru lögð fyrir lesfímipróf í september, janúar og maí. Prófin mæla hversu vel börnin hafa náð tæknilegum lestri, þ.e. hraði og nákvæmni.

Starfið í árganginum

Í þessum árgangi vinnum við saman sem ein heild. Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum og koma að kennslu allra nemenda. Hver kennari hefur umsjón með ákveðnum nemendum og sér um samskipti við foreldra/forráðamenn þeirra.

Íslenska

Markmið í íslensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla-Greinasvið – Íslenska.](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Talað mál, hlustun og áhorf

Meginmarkmið

Að nemendur

- auki hæfni sína til tjáskipta þannig að þeir geti betur tjáð skoðanir sínar og hugmyndir
- geti talað skýrt mál og lesið upp texta frammi fyrir öðrum
- geti hlustað á aðra
- geti tjáð sig fyrir framan aðra
- þjálfist í að rökstyðja mál sitt
- geti sagt reynslusögur og endursagt frásagnir
- geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt viðeigandi kurteisi

Efnisþættir

Lestur á bundnu og óbundnu máli, hlustun á upplestur nemenda og kennara, umræður, upplestur, söngur.

Leiðir að markmiðum

Talað mál, hlustun og ritun tengjast saman. Nemendur eru þjálfaðir í að semja eigin texta, koma fram fyrir bekkjarfélagi og lesa upp úr eigin verkum þar sem áhersla verður lögð á hrynjanda og tilfinningu í töluðu jafnt sem rituðu máli. Nemendur eru þjálfaðir í því að sýna þeim sem talar virðingu. Nemendur eru hvattir til að rétta upp hönd og bíða eftir að röðin komi að þeim þegar þeir taka

þátt í umræðum. Lögð er áhersla á að nemendur hlusti af athygli þegar kennari gefur þeim fyrirmæli um verkefni eða kemur til þeirra mikilvægum skilaboðum.

Námsgögn

Dagblöð, sjónvarp, útvarp, internetið þar sem lögð er áhersla á málefni líðandi stundar.

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Að nemendur

- tileinki sér jákvætt viðhorf til lestrar
- auki orðaforða sinn, hugtakaskilning og geti beitt hugtökum s.s. persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur
- auki lesskilning
- lesi bækur sér til skemmtunar
- lesi eða hlusti á ýmsar gerðir sagna og þekki mismunandi form og uppbyggingu þeirra
- noti bækur og rafrænt form til að afla sér upplýsinga vegna verkefna
- þekki valin ljóð og höfunda þeirra
- þekki rím og ljóðstafi
- geti lesið úr táknmyndum og myndrænu efni s.s. einföldum skýringarmyndum og kortum

Efnisþættir

Upplstur, hljóðlestur, yndislestur, upplýsingaöflun, umræður.

Leiðir að markmiðum

Nemendur lesa í bókum að eigin vali að minnsta kosti fjórum sinnum í viku. Í vetur hlusta nemendur á valdar skáldsögur. Samhliða hlustun vinna nemendur fjölbreytt verkefni sem koma að öllum þáttum íslenskunnar með sérstakri

áherslu á orðaforða og lesskilning. Nemendur taka þátt í umræðum um efni sögunnar í tímum. Hugmyndir frá nemendum verða einnig notaðar í verkefnagerð. Nemendur lesa valda bókmenntatexta og ljóð. Unnin eru ritunarverkefni í tengslum við þá, farið í byggingu sögu og skilgreiningar á mismunandi formi sögugerðar. Ljóð eru lesin í kennslustundum, skáld kynnt og verkefni um þau unnin í einstaklingsvinnu og hópavinnu

Námsgögn

Benjamín Dúfa, ýmsar bækur af bókasafni. Ljóðspor, Blákápa, Flökkuskinna og efni frá kennara.

Ritun

Meginmarkmið

Að nemendur

- auki rithæfni sína þannig að nemendur geti tjáð hugsanir og skoðanir sínar í rituðu máli
- geti samið eigin texta með upphafi, meginmáli og lokaorðum
- geti dregið saman aðalatriði úr texta og unnið með einfaldar heimildir
- geti samið eigin ljóð
- geti endurritað texta eftir upplestri
- þjálf sig í að helstu stafsetningarreglum s.s. um stóran staf og lítinn, ng/nk, n/nn
- Þjálf sig í að nota greinamerkin punkt, kommu og spurningarmerki
- nái tökum á tengiskrift og öðlist færni í að nota hana
- nái tökum á góðum skriftarhraða
- nái tökum á réttu pennagrip

Efnisþættir

Tengiskrift, stafsetningaæfingar, sögugerð, uppsetning texta.

Leiðir að markmiðum

Talað mál, hlustun og ritun tengjast saman. Nemendur eru þjálfaðir í að semja eigin texta með hjálp ritunarramma af ýmsum gerðum. Unnið verður með orðaforða og áhersla lögð á góðan hugtakaskilning. Nemendur vinna valin verkefni í tímum sem þjálfar stafsetningareglur. Nemendur skrifa í æfingabók í skrift. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér rétt pennagrip, sýni vandvirkni og snyrtilegan frágang í öllum námsgreinum.

Námsgögn

Orðspor, Mál til komið, Skrift 5, Smellur ásamt ítarefni frá kennara.

Málfræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- auki þekkingu sína á íslensku málkerfi
- þekki nafnorð og einkenni þeirra
- þekki sérnöfn og samnöfn
- geri sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- þekki stafrófið og geti notað við orðabókavinnu
- þekki tölu og kyn orða og geti fundið greini þeirra
- þekki samsett orð
- geti fallbeygt
- þekki hugtakið málsgrein og geti fundið þær í texta og búið til
- geti nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orða og orðasambönd og notað þau í texta

Efnisþættir

Stafrófið, nafnorð, sérnöfn, samnöfn, kyn, tala og fall, samsetning orða.

Leiðir að markmiðum

Nemendur vinna valin verkefni í tímum einstaklingslega sem og í litlum hópum. Unnið er með orð á fjölbreyttan hátt. Nemendur fá orðhluta og setningar sem þau eiga að setja upp í nýjan texta eða orð. Hugtakakort verða sett upp með ákveðnum málfræðireglum.

Námsgögn

Orðspor 1, Málrækt I, Smellur, ítarefni frá kennara og af veraldarvefnum, kennsluforrit.

Heimanám í íslensku

Allir nemendur eiga að lesa a.m.k. fimm daga vikunnar heima í frjálslestrarbókum og skrá lestur sinn. Ýmis verkefni eru að auki unnin heima í málfræði, stafsetningu, ritun, bókmenntum og skrift.

Stærðfræði

Markmið í stærðfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla-Greinasvið-Stærðfræði](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Meginmarkmið

Að nemandi:

- temji sér að spyrja spurninga um verkefnin til að öðlast betri skilning
- geti tjáð sig um aðferðir sínar og lausnir í töluðu máli og rituðu
- geti spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- geti leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem byggja á fyrri reynslu og þekkingu

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

Meginmarkmið

Að nemandi:

- fáist við stærðfræðileg hugtök og læri að nota táknmál stærðfræðinnar
- geti notað vasareikni og/eða tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum
- geti sett sig inn í og tjáð sig bæði munnlega og skriflega um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti unnið einn og í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna
- geti undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði
- geti tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnarleiðir, m.a. með því að nota skráningu með tölum, texta og teikningum

Tölur og reikningur

Meginmarkmið

Að nemandi:

- nái tókum á: samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu og átti sig á andhverfum aðgerðum
- kynnist neikvæðum tölum
- geti lagt saman og dregið frá með neikvæðum tölum
- nái tókum á lestri og skráningu tugabrota, almennra brota, prósentu og hlutfalla
- geti raðað almennum, tugabrotum og prósentum eftir stærð og samhengi

- geti breytt einföldum almennum brotum í tugabrot og prósentur
- geti lagt saman og dregið frá einföld brot

Rúmfræði og mælingar

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar
- þekki ummál, flatamál, hornamælingar, þvermál og geisla hrings.
- Geti rannsakað og greint tví- og þrívíð form og teiknað einfaldar flatarmyndir
- öðlist þjálfun með gráðuboga
- geti breytt á milli mælieininga

Tölfræði og líkindi

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti framkvæmt einfaldar tölfræðirannsóknir
- geti sótt gögn úr gagnabanka og geti lesið upplýsingar úr töflum.
- þekki meðaltal, miðgildi og líkur

Efnispættir

Reikniaðgerðirnar fjórar: samlagning, frádráttur, margföldun og deiling.

Tölfræði, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi. Neikvæðar tölur þrautir og orðadæmi. Mælingar, ummál og flatarmál, Almenn brot, tugabrot og prósentur.

Rúmfræði, form, flutningar, speglun, hliðrun og snúningur, gráður og horn.

Leiðir að markmiðum

Kennsla fer fram með innlögn og samantekt. Mikill hluti námsins fer fram í samvinnu nemenda í litlum hópum. Áhersla er lögð á hlutbundna vinnu nemenda þ.e. að þeir tileinki sér hjálpargögn við hæfi hverju sinni. Rætt/unnið verður um stærðfræðihugtök sem tengjast námsefninu.

Farið verður í ýmsa leiki sem tengjast efnisþáttum stærðfræðinnar þannig að nemendur upplifi skemmtigildi stærðfræðinnar. Einnig er mikið lagt upp úr umræðum í tímum og að nemendur tjái sig um stærðfræðina.

Námsgögn

Stika 1-a og 1-b. Ítarefni valið af kennara eftir því sem þörf er á.

Önnur námsgögn: þrautir og spil.

Heimanám

Heimanám fer heim á föstudögum og er skilað á miðvikudögum.

Samfélagsgreinar

Markmið í samfélagsgreinum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið - Samfélagsgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Landafræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist þekkingu á eigin landi umhverfi og samfélagi
- þekki hvernig náttúran skapar síbreytilegar aðstæður
- Gert sér grein fyrir hvernig loftslag og gróðurfar hefur áhrif á búsetu og lífsskilyrði fólks
- skilji landfræðileg hugtök

- þjálfist í að nota kort og gröf og hafi skilning á helstu litum, táknum og hugtökum þar að lútandi
- þekki höfuðáttirnar fjórar; norður, suður, austur og vestur
- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og geti lýst náttúruferlum sem hafi áhrif á land og gróður
- Verði færari í að leita sér upplýsinga í bókum og rafrænum miðlum

Efnisþættir

Landakort, mótun lands, eldur í jörðu, vatn og hiti í jörðu. Ísland, helstu firðir, flóar, eyjar, þéttbýlisstaðir, stærstu vötn, ár og jöklar, og íslenskt samfélag.

Leiðir að markmiðum

Kennslan byggist á umræðum og verkefnavinnu í tímum. Hópverkefni verður gert um um landshlutana og efnið svo kynnt öðrum í árgangnum. Verkefni verða tengd öðrum námsgreinum þegar það á við. Einnig verður unnið með aðferðir gagnvirks lesturs.

Námsgögn

Ísland – hér búum við, kortabók, tónlist og myndbönd sem tengjast efninu. Einnig er stuðst við efni úr bókunum: Land og líf og Landshorna á milli, auk upplýsinga af veraldarvefnum og Kortavefsjá Námsgagnastofnunar.

Heimanám

Ekki er um reglubundið heimanám að ræða. Nemendur fá send heim verkefni þegar það á við.

Íslandssaga

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist skilning á sögu þjóðarinnar frá landnámi og fram yfir kristnitöku, og gildi sögunnar fyrir líf okkar í dag

- Gert sér grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu
- þekki ýmsa þætti víkingatímans
- kunna sögur af landnámi Íslands
- fá nokkra þekkingu á gæðum lands við landnám
- geti sett sig inn í líf og kjör einstaklingsins á tímabilinu
- skoði hvernig sagan birtist í munum og sögum
- geti metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð
- geti sett sig í spor fólks á landnámsöld og greint hvað er líkt og ólíkt með því samfélagi og nútímasamfélagi
- læri orð og hugtök sem tengjast sögu og samfélagi og geti notað þau í ræðu og riti

Efnisþættir

Landnám Íslands, siglingar, trúarbrögð og daglegt líf landnámsmanna.

Leiðir að markmiðum

Kennslan byggist á umræðum og verkefnavinnu í tímum. Þemaverkefni verður unnið þar sem nemendur munu vinna í litlum hópum og taka fyrir ákveðin verkefni. Vettvangsferðir verða farnar í tengslum við námsefnið. Einnig verður unnið með aðferðir gagnvirks lesturs. Unnið verður með hugtök samfélagsfræðinnar á fjölbreyttan hátt t.d. með gerð hugtakakorta.

Námsgögn

Sögueyjan 1. hefti, Leifur Eiríksson – á ferð með Leifi heppna, ítarefni frá kennara og veraldarvefurinn.

Heimanám

Ekki er um reglubundið heimanám að ræða. Nemendur fá send heim verkefni þegar það á við.

Trúarbragðafraði

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri um siðferðileg viðfangsefni og gildi þeirra í daglegu lífi
- þekki kristna trú og meginboðskap hennar
- kynnist mismunandi trúarlegum gildum

Efnispættir

Upphaf Ísraelsþjóðar, brottför úr Egyptalandi til landnáms í Kanaanlandi.

Gamli sáttmáli og boðorðin tíu. Dæmisögur. Aðventa og jólahald. Líf og starf Jesú.

Leiðir að markmiðum

Kennslan byggist á samlestri, umræðum og verkefnavinnu í tímum. Nemendur taka þátt í umræðum um siðfræðileg efni. Einnig verður unnið með aðferðir gagnvirks lesturs. Unnið verður með hugtök trúarbragðarfræðinnar á fjölbreyttan hátt t.d. með gerð hugtakakorta.

Námsgögn

Brauð lífsins og upplýsingar af veraldarvef.

Heimanám

Ekkert heimanám.

Lífsleikni

Meginmarkmið:

Nemendur læra að þekkja sjálfan sig, styrkja samskiptafærni, tileinka sér heilbrigðan lífstíl og taka þátt í lýðræðislegu starfi í skóla og samfélagi.

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- lýst eigin styrkleikum, áhuga og markmiðum
- geti tekið þátt í samræðum, hlustað og sýnt virðingu í samskiptum

- geti sýnt samkennd og leyst ágreining með friðsamlegum hætti
- geti greint mikilvægi heilbrigðs lífsstíls, m.a. hreyfing, svefn og næring
- geti tekið þátt í lýðræðislegum ákvörðun og rætt jafnræði og réttindi

Efnisþættir

Að byggja upp skólasamfélag; lögð áhersla á að hjálpa nemendum að sjá sjálfa sig sem mikilvæga og mikils metna einstaklinga í árganginum sínum og skólanum.

Að vinna saman; nemendur læra að þjálfa færni sem hjálpar þeim að vinna saman.

Að taka gagnlegar ákvarðanir; læra og þjálfa hugsanaferli sem felur í sér að taka ákvarðanir og æfa leiðir til að segja „nei“ við skaðlegum ákvörðunum.

Að lifa heilbrigðu lífi; nemendur læra um heilbrigða lífshætti.

Að einelti er dauðans alvara og getur haft mjög alvarlegar afleiðingar.

Leiðir að markmiðum

Bein kennsla, umræður, bekkjarfundir, ýmsir leikir, hópvinna, einstaklingsvinna, hlutverkaleikir, myndbönd, eineltishringur.

Námsgögn

Námsefni í lífsleikni valið af kennara.

Ég og sjálfsmyndin.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

Heimanám

Ekkert heimanám.

Náttúrugreinar

Markmið í náttúrugreinum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið - Náttúrugreinar](#)

Hér eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Hæfniviðmið um verklag

Geta til aðgerða

Meginmarkmið

Að nemandi:

- Sýni virkni og láti sig varða nánast umhverfi og lífskilyrði lífvera í því

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir
- geti skoði hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti í máli og myndum miðli hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum
- geti útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks

Vinnubrögð og færni

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni

- geti útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum

Ábyrgð á umhverfinu

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa

Hæfniviðmið um viðfangsefni

Að búa á jörðinni

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs

Náttúra Íslands

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt
- geti lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi

Heilbrigði umhverfisins

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs
- geti lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi
- **Efnisþættir**

Úr eðlisvísindum

Nemendur vinna með eiginleika ljóss, linsa, spegla og segla. Einnig er unnið með ólíkar gerðir krafta, s.s. flotkraft, núningskraft, lyftikraft og þyngdaraflið. Gera sér grein fyrir eiginleikum véla eins og vogarafls, trissa, og tannhjóla. Kynna sér endurnýjanlega orkugjafa. Skilja hugtökin tími, hraði og vegalengd. Nemendur læra einnig um hljóð og bylgjur.

Úr lífvísindum

Nemendur læra um hringrásir í náttúrunni, vistkerfi, tengsl lífvera innbyrðis og við umhverfi sitt. Skoða hinar ýmsu plöntu og fuglategundir Íslands. Geta útskýrt t.d. hugtökin búsvæði, fæðukeðja, fæðuvefur og ljóstillífun. Skilja og vinna með hugtakið sjálfbærni.

Leiðir að markmiðum

Áhersla er lögð á umræður, verkefnavinnu og verklegar athuganir s.s. smíði vélknúinna pappabíla, bréfaskutlukeppni og tæknilegós. Nemendur vinna bæði einir sér og í hópavinnu. Einnig verður unnið með aðferðir gagnvirks lesturs auk hugtakavinnu. Vettvangsferðir verða farnar. Einnig er notast við ýmiskonar myndefni tengt kennslunni. Áhersla verður lögð á að nemendur nýti sér fjölbreytt úrval bóka og gagna á bókasafni skólans.

Námsgögn

Auðvitað – á ferð og flugi , Lífríkið á landi, veraldarvefurinn, auk ítarefnis frá kennara.

Heimanám

Nemendur vinna valin verkefni.

Enska

Markmið í ensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Erlend tungumál](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur. (Sjá nánar í lotum á Mentor)

Talað mál og hlustun

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti skilið einfalt mál og nýti sér það í samræðum
- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum
- geti myndað og svarað einföldum spurningum út frá orðaforða sem unnið hefur verið með

Efnisþættir

Nemandinn sjálfur, að heilsast, kveðjast, vikudagar, mánuðir, árstíðir, veður, matur, dýr, tilfinningar, áhugamál, klukkan, tölur, landaheiti, stafrófið, líkamsheiti, föt, litir, heimili og fjölskyldan. Nemendur hlusta á tónlist og læra ensk sönglög og hlusta á enskan texta af hljóðsnældum og horfa á enskar myndir.

Leiðir að markmiðum

Áhersla er lögð á að þjálfar nemendur í hlustun. Mikið er lagt upp úr umræðum samhliða hlustun og söng, hlustað á upplestur texta og ýmis verkefni úr textanum eru unnin í verkefnabók og á vinnublöð. Áhersla verður lögð á hlustun og talað mál. Mikil áhersla lögð á að auka orðaforða nemenda með

ýmsum fjölbreyttum verkefnum. Nemendur vinna mikið með orðaforðann sem þeir hlusta á, og að útbúa hugtakakort á ensku. Unnið er með þann orðaforða sem þeir hafa öðlast. Nemendur vinna einstaklingslega sem og í hópum ýmis verkefni. Þeir birta niðurstöður sínar munnlega og á myndrænan hátt og kynna vinnu sína hver fyrir öðrum. Mikil áhersla verður lögð á að nemendur æfi sig sem mest að tala enskuna í tímum. Það auðveldar þeim að ná betri tökum á málinu og gerir þá öruggari. Þeir æfa sig í að lesa upphátt og ná upplýsingum úr texta. Unnið verður með samvinnunám, þar sem nemendur vinna saman að lausn verkefna en hafa hver sitt hlutverk í hópnum. Nemendur þjálfast þannig í að ræða saman á ensku, spyrja hver annan spurninga og svara í heilum setningum. Nemendur hlusta á upplestur af hljóðdiski, horfa á enskar myndir og söngva og vinna ýmis verkefni tengd því.

Námsgögn

Lestrar- og vinnubækurnar „Yes we can 5“, og vinnubækurnar „Hickory, Dickory, Dock“ ásamt öðru ítarefni.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum. Þeir vinna í vinnubækur valin verkefni. Nemendur fá eina viku til að skila þeim til kennara.

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Að nemendur

- auki orðaforða sinn
- geti lesið auðvela texta á ensku
- auki lesskilning sinn

Efnispættir

Fjölbreyttir einfaldir textar, ljóð og söngvar

Leiðir að markmiðum

Nemendur æfa sig í að ná upplýsingum úr einföldum texta og draga ályktanir af því sem þeir hafa lesið. Þeir svara einföldum spurningum einstaklingslega og semja spurningar út texta. Þeir vinna saman í hópavinnu að myndrænni og skriflegri útfærslu verkefna sem þeir kynna fyrir samnemendum. Áhersla er lögð á skilning nemenda á þeim texta sem þeir lesa. Nemendur lesa einfalda texta og ýmis verkefni eru unnin í verkefnabók og á vinnublöð. Mikil áhersla lögð á að auka orðaforða nemenda með ýmsum fjölbreyttum léttlestrar verkefnum. Nemendur vinna mikið með orð, og að útbúa hugtakakort á ensku. Unnið verður með gagnvirkkan lestur þegar nemendur eru búnir að öðlast meiri orðaforða og eru orðnir öruggari. Unnið er með þann orðaforða sem þeir hafa öðlast. Nemendur þjálfast í að svara í heilum setningum. Áhersla er lögð á skilning nemenda á þeim texta sem þeir lesa ásamt orðaforða og lesskilning.

Námsgögn

Lestrar- og vinnubækurnar „Yes we can 5“ ásamt vinnubókunum „Hickory, Dickory, Dock“ ásamt öðru ítarefni.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum. Þeir vinna í vinnubækur valin verkefni. Nemendur fá eina viku til að skila þeim til kennara.

Ritun

Meginmarkmið

Að nemendur

- þjálfist í að skrifa þann orðaforða sem er verið að vinna með
- geti skrifað stutt einföld orð og setningar úr þeim orðaforða sem unnið hefur verið með
- þjálfist í að nota hugtakakort til að nýta sér ákveðinn orðaforða.

Efnisþættir

Nemendur þjálfar sig í að skrifa enska stafrófið, algeng orð tengd fjölskyldunni , að skrifa vikudaga og mánaðarheiti með stórum staf, þjálfar sig að skrifa tölur frá einum til hundrað, orð um líkamsheiti, föt, liti og um heimilið.

Leiðir að markmiðum

Nemendur ná upplýsingum úr texta og svara beinum spurningum úr honum. Nemendur hlusta á upplestur af hljóðdiski og vinna verkefni í stílabækur og ljósrituðum blöðum frá kennara. Mikil áhersla er lögð á að auka orðaforða nemenda með ýmsum verkefnum. Nemendur glósa eftir kennara. Einnig vinna nemendur hugtakakort í orðaforðavinnu. Ýmis konar ítarefni er unnið í stílabók og á ljósrituð blöð frá kennara. Unnið er með þann orðaforða sem nemendur hafa öðlast. Nemendur vinna einstaklingslega sem og í hópum ýmis verkefni. Þeir birta niðurstöður sínar skriflega og myndrænt og kynna vinnu sína hver fyrir öðrum. Nemendur þjálfast í að svara í heilum setningum. . Rafrænt efni fylgir vinnubókunum „Yes we can 5“ og hægt að þjálfar nemendur í gagnvirkum æfingum. Hér er hlekkur inn á vefinn: <https://mms.is/namsefni/yes-we-can-vefur> Farið er inn á Yes we can og ýtt á opna vöru. Þá er beðið um notendanafn og lykilorð. Notendanafn: nemandi og lykilorð: nemandi. Sama notendanafn og lykilorð. Síðan er „Yes we can 5“ velja kafla og þar er að finna drill æfingar (appelsínugulir flipar).

Námsgögn

Lestrar- og vinnubækurnar „Yes we can 5“ og vinnubækurnar „Hickory, Dickory, Dock ásamt öðru ítarefni.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum. Þeir vinna í vinnubækur valin verkefni. Einnig semja þeir sínar eigin sögur. Nemendur fá eina viku til að skila vinnu sinni til kennara.

Málfræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- þjálfist í að vinna með orðaforða með því að útbúa orðasafn (t.d. nafnorð)
- þjálfist í að skrifa nöfn á mánuðum og vikudögum með stórum staf
- þekki stafrófið

Efnisþættir

Vikudagar, mánuðir, eintala og fleirtala

Leiðir að markmiðum

Verkefni um vikudagana, mánuðina, eintölu og fleirtölu ásamt fleiri verkefnum eru unnin í verkefnabók og á vinnublöð. Mikil áhersla lögð á að auka orðaforða nemenda með ýmsum verkefnum. Nemendur vinna mikið með orð, og að útbúa hugtakakort á ensku. Unnið er með þann orðaforða sem nemendur hafa öðlast. Nemendur vinna einstaklingslega sem og í hópum ýmis verkefni. Þeir birta niðurstöður sínar munnlega, skriflega og myndrænt og kynna vinnu sína hver fyrir öðrum. Nemendur glósa eftir kennara. Nemendur þjálfast í að svara í heilum setningum. Nemendur vinna valin verkefni í tímum einstaklingslega sem og í litlum hópum. Unnið er með orð á fjölbreyttan hátt.

Námsgögn

Lestrar-og vinnubækurnar „Yes we can 5“ vinnubækurnar „Hickory, Dickory, Dock“ ásamt öðru ítarefni.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum. Þeir vinna í vinnubækur valin verkefni. Nemendur fá eina viku til að skila þeim til kennara.

Upplýsinga og tæknimennt

Markmið í upplýsinga og tæknimennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Upplýsinga- og tæknimennt](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Vinnulag og vinnubrögð

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti nýtt tölvur sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum
- geti sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum
- beitt réttri fingrasetningu

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti nýtt sér fjölbreyttar leiðir til að afla sér upplýsinga bæði í bókum og á internetinu
- nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt
- nýtt forrit við einfalda framsetningu á gögnum

Tækni og búnaður

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti nýtt sér forrit við gerð ritunarverkefna
- get sett inn myndband inn á glærur

Sköpun og miðlun

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti nýtt forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt

Siðferði og öryggismál

Meginmarkmið

Að nemandi:

- fari eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á netmiðlum

Efnisþættir

Þjálfun fingrasetningar, power point ritvinnsla, internetið, ýmis kennsluforrit og leikir.

Leiðir að markmiðum

Nemendur búa til kynningu í Power Point, fjalla þar um dýr sem þau velja sér. Farið verður yfir uppsetningu efnis í Word. Internetið verður nýtt til upplýsingaöflunar, farið í kennsluforrit og kennsluleiki auk þess sem rætt farið yfir hegðun á internetinu í víðu samhengi. Einnig verður farið í æfingar í fingrasetningu.

Námsgögn

Ýmis verkefni, kennsluforrit, kennsluvefir og hugbúnaður tölvunnar.

Heimanám

Ekkert heimanám.

Upplýsingalæsi

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti leitað að gögnum, fræðsluefni sem öðru efni eftir flokkunarkerfi safnsins
- geti leitað í helstu handbókum; alfræðiorðabókum og orðabókum sér til gagns
- geti nýtt sér skólasafnið og netið til upplýsingaleitar
- læri að skipuleggja heimildavinnu, skilgreint hvaða upplýsinga er þörf og skráð heimildir
- séu hvattir til lesturs
- hlusti á upplestur á verkum íslenskra og erlendra barna- og unglingabókahöfunda

Efnisþættir

Safngögn, flokkunarkerfi, leitir, lykilorð, heimildir, upplýsingaleit, lestur, alfræðiorðabækur, fræðibækur, upplestur, útlánaþáttur.

Leiðir að markmiðum

Hvert efni er rætt og kynnt og síðan er unnið út frá því. Upplestur og frjálsir tímar eru hluti af kennslunni. Í frjálsum tímum kynnast nemendur safninu á eigin forsendum, hjálpa m.a. við útlánaþáttinn og ganga frá bókum í hillur. Lögð er áhersla á að samþætta menningar- og upplýsingalæsi við aðrar námsgreinar.

Námsgögn

Stuðst er m.a. við bækurnar *Í leik á skólasafni* höf. Kristín Unnsteinsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir og *Í skólasafninu 3*, höf. Jónína Friðfinnsdóttir. Ýmis safngögn eru notuð ásamt verkefnum við hæfi hverju sinni og m.a. er leitað fanga á netinu.

Heimanám

Ekkert.

Myndmennt

Markmið myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Listgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- nýti námsgleði, skapandi hugsun og gott verklag, í samræmi við aldur og þroska
- sýni góð samskipti sem byggjast á samvinnu, tillitssemi og kurteisi, gagnvart samnemendum og starfsfólki skólans
- fái tækifæri til að skapa og reyna sig í ýmsum miðlum
- Læri hugtök og fái innsýn í listasögu
- Þekki og geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun
- Þekki og geti útskýrt vinnuferli frá hugmynd til afurðar

Efnisþættir

Litafræði, formfræði, myndbygging og listasaga. Teiknun, málun, klipp, þrykk og mótun úr fjölbreyttu efni og með ólíkum áhöldum.

Leiðir

Í innlögn er unnið út frá kveikju sem er grunnur að eigin sköpun nemenda, í verkefnum sem sprottin eru af: t.d. upplifun, sögum, umhverfi, náttúru og listaverkum.

Textílmennt

Markmið í textílmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur:

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag í samræmi við aldur og þroska.
- læri að rækta góð samskipti sem byggjast á tillitsemi, umburðarlyndi og kurteisi gagnvart samnemendum
- læri góða umgengni um stofu og að nýta og fara vel með efni og áhöld
- efla skilning á umhverfisvitund og umhverfisvernd

Efnispættir

Nemendur rifja upp það sem þeir hafa áður lært í krossasaum og sauma út í útsaumsverkefni.

Nemendur sauma í saumavél beinan saum og zikk zakk og æfa sig enn frekar með mismunandi verkefnum.

Leiðir að markmiðum

Leitast er við að efla námsgleði og skapandi hugsun með verkefnum sem höfða til nemenda og hæfa aldri þeirra og þroska.

Nemendur læra samvinnu t.d. með því að hjálpast að og styðja hvert annað í kennslustundum og á þemadögum og góða umgengni með því að ganga sameiginlega frá í stofu í lok hverrar kennslustundar.

Nemendur læra að ganga inn og út úr stofu í röð og læra að hegðun, framkoma og umgengni skipta máli.

Innlögn, kenndar þær vinnuaðferðir sem áhersla er lögð á.

Nemendur fræðist um mikilvægi endurnýtingar.

Einstaklingskennsla, kennari aðstoðar hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur í vinnuferlinu, verkefni aðlöguð að getu hvers og eins.

Hópkennsla þegar um samþættingu námsgreina er að ræða og þemadagar standa yfir.

Námsgögn

Kennslugögn og áhöld greinarinnar, bækur, blöð og vinnulýsingar.

Heimanám

Ekkert.

Hönnun og smíði

Markmið í hönnun og smíði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag, í samræmi við aldur og þroska
- læri að rækta góð samskipti sem byggjast á samvinnu, tillitssemi og kurteisi, gagnvart samnemendum og starfsfólki skólans
- læri góða umgengni um stofu, efni og áhöld
- læri góða umgengni um skólann, umhverfið og náttúruna
- læri helstu hugtök og heiti greinarinnar sem eru til áherslu hverju sinni
- læri um nýsköpun og gildi hennar
- læri að reikna út bestu efnisnýtinguna
- læri að fella saman efni
- læri að nota brennipenna

Efnisþættir

Áhersla lögð á nýsköpunarmennt, skapandi hugsun og endurvinnslu. Áhrif mannsins á umhverfi og náttúru. Nemendur búa til spil, lítið stafltré og box undir það.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og verkfæri sem nota þarf til smíðinnar og þáttur nemenda í mismunandi hönnunarútfærslum verkefnisins tilgreindur. Nemendum er kennd rétt beiting verkfæra og umgengni við vélar. Einstakir verkþættir eru útskýrðir með sýnikennslu, ýmist í hóp- eða einstaklingskennslu, eftir því sem hentar hverju sinni. Nemendur meta eigin frammistöðu og annarra í ákveðnum verkþáttum. Í öllum árgöngum er unnið með endurvinnslu efnis. Lögð er áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð ásamt samvinnu og kurteisi í samskiptum. Auk þess er lögð áhersla á góða umgengni í stofunni, um efni og áhöld og að nemendur gangi sameiginlega frá í stofu í lok hvers tíma.

Námsgögn

Ferilmappa nemenda, verkfæri smíðastofunnar, skriflegar leiðbeiningar og ýmiskonar efni.

Heimanám

Nemendur gera athuganir á umhverfi sínu og náttúru til að dýpka skilning sinn á inntaki námsgreinarinnar.

Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geri sér grein fyrir því að neysluvenjur og lífshættir hafa áhrif á heilsuna
- þjálfist í einföldum matreiðslu- og bakstursaðferðum og að vinna eftir skriflegum uppskriftum
- geti unnið með öðrum, sýnt tillitssemi, jákvæðni og farið eftir reglum kennslueldhússins

Efnisþættir

Mikilvægi og tengsl hollrar fæðu og heilbrigðis, hreinlæti við eldhússtörfín og meðhöndlun matvæla, frágangur, mál og vog, notkun uppskrifta og borðsiðir, umhverfismerki, slysaætta, tillitssemi, jákvæðni og reglufesta.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og áhöld sem notuð verða við gerð verkefnis. Innlögn er ýmist í formi sýnikennslu eða verkefni útskýrð myndrænt. Nemendur vinna ýmist saman í litlum hópum eða einstaklingslega.

Verkefni eru bæði skrifleg og verkleg. Lögð er áhersla á hollt fæði, bæði í skóla og heima. Nemendur útbúa einfaldar og hollar máltíðir, leggja á borð og ganga frá eftir matinn. Hver hópur ber ábyrgð á frágangi á sínu vinnusvæði. Lögð er áhersla á notkun orða og hugtaka sem tilheyra námsefninu.

Námsgögn

Gott og gagnlegt 1 ásamt verkefnum af veraldarvef. Hráefni til matargerðar samkvæmt verkefnavali.

Tónmennt

Hæfniviðmið fyrir tónmennt í Aðalnámskrá grunnskóla skiptast í þrjá meginflokka sem eru: Söngur og hljóðfæraleikur, hlustun og greining, og sköpun og skráning. Hæfniviðmiðin má finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – Verkgreinar](#)

Í 5. bekk er áhersla lögð á vinnu með þjóðlög.

Meginmarkmið 5. bekkjar skólaárið 2025-2026 eru:

Að nemendur

- syngi valin sönglög með réttri tónhæð, takti og tjáningu
- syngi raddaðar laglínur svo sem í keðjusöng og fimmundasöng
- virði umgengisreglur við hljóðfæri kennslustofunnar
- þekki uppruna og merkingu nokkurra íslenskra þjóðlaga
- spili í hópum einfaldar útsetningar á ýmsum lögum
- geti greint nokkur valin hljóðfæri í hlustun
- geti notað hljóðfæri úr nærumhverfi í einfalda sköpun
- geti rætt um eigin tónlist og samnemenda út frá smekk og upplifun með kurteisum og uppbyggjandi hætti

Efnispættir

Söngur, markviss hlustun, rytmi (kroppaklapp og takthljóðfæri), þrástef, laglínur og hljómar á laglínuhljóðfæri, hreyfing og leikir.

Leiðir að markmiðum

Söngur, hljóðfæravinna, tónlistarleikir, umræður, hlustun

Námsgögn

Safn íslenskra þjóðlaga, ýmsar útsetningar og verkefni frá kennara

Heimanám

Einstaka sinnum getur verið að nemendur séu beðnir um að æfa söngtexta heima.

Sund

Markmið í sundi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið - Skólaíþróttir](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- verði sjálfsöruggir og færir í vatninu
- þjálfist í félagsþroska (í formi leikja)
- fái þjálfun í ýmsum æfingum með og án áhalds
- þjálfist í samvinnu í sundleikjum
- læri fjölbreyttar æfingar sem reyna á samhæfingu hreyfinga
- geti synt 75 m bringusund, án hvíldar
- geti synt 25 m skólabaksund
- geti synt 25 m skriðsund með sundfitjum
- geti synt 12 m baksund
- geti stungið sér af bakka
- geti kafað eftir hlut eftir 5 metra sund
- geti troðið marvaða í 20 – 30 sekúndur
- geti synt 10 m flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja

Leiðir að markmiðum

Að nemendur þjálfist með sér jákvætt viðhorf til æfinga og leikja í vatni. Þjálfist í æfingum og leikjum í vatni sem auka vellíðan og styrkja samskipti. Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum s.s. stöðvaþjálfun og fl. Læri að þekkja helstu öryggisatriði og samskiptareglur sundstaða. Þjálfist í fjölbreyttum samvinnuverkefnum, s.s. hópleikjum, boltaleikjum og boðsundsleikjum.

Skólaíþróttir

Markmið í skólaíþróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið - Skólaíþróttir](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið skólaíþróttar er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþróttar- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaíþróttar er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði. Við markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og hreyfiþroska, líkams- og fagurþroska, félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunabroska.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist stjórn á líkama sínum
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar
- öðlist jákvæðari sjálfsmynd
- öðlist meira áræði
- styrki gróf- og fínhreyfingar
- öðlist betra þrek og þol
- öðlist færni í samvinnu og leik

Kennsluefni

Bækur og rit um íþróttir og leiki. Ýmis áhöld smá og stór, skólalóð og Íþróttasalur.

Leiðir að markmiðum

Meginmarkmið skólaíþróttar er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþróttar- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig

jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaíþróttar er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði. Við markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og hreyfiproska, líkams- og fagurþroska, félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunaproska. Á miðstigi er lögð áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreisn hvers nemanda. Með tilliti til þroska taugakerfis þessa aldurshóps eru nemendur mjög móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi og námsáhugi þeirra er yfirleitt mikill á þessum aldri. Því er einnig lögð áhersla á færnimiðuð markmið af ýmsum toga. Hér er m.a. um að ræða undirstöðuatriði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru hér á landi. Stefnt er að því að byggja ofan á þann grunn sem fyrir er frá aðlögunartímabili fyrstu skólaára þar sem leikræn atriði og jákvæð upplifun eru meginmarkmið kennslunnar. Nauðsynlegt er á þessum aldri að huga að sérstöðu kynjanna, áhugasviði þeirra og hæfileikum. Þó svo að leikræn nálgun undirstöðuatriða ýmissa íþróttar, styrkjandi og mótandi æfingar ásamt leiknum sé rauður þráður í kennslunni skal huga vel að verkefnum sem efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Einnig skal á markvissan hátt efla þekkingu nemenda á íþróttum og heilsurækt samhliða verklegri útfærslu. Markmið í efnisflokkum þessa áfanga byggjast m.a. á ofangreindum atriðum.

Stoðþjónusta

Stoðþjónusta Breiðagerðisskóla er samheiti yfir stuðningskerfi sem styður við almenna kennslu innan skólans. Hún getur falist í ráðgjöf til kennara varðandi nám og kennslu og/eða annað sem snýr að nemendum. Yfirleitt snúa verkefnin þó að nemendum og varða kennslu og stuðning til lengri eða skemmri tíma og/eða mat á stöðu þeirra.

Skólinn reynir að mæta öllum nemendum og veita þeim nám við hæfi. Stoðþjónustan er ein af leiðum skólans til koma til móts við þarfir nemenda sem

af einhverjum ástæðum þurfa sérstakan stuðning í námi, í langan eða skemmri tíma. Stoðþjónustan getur falist í að gera breytingar á námsmarkmiðum, námsumhverfi, kennsluaðferðum og námsmati miðað við það sem almennt gerist og stundum er kennt samkvæmt markmiðum einstaklingsnámskrár.

Einstaklingsnámskrá er einstaklingsmiðuð kennsluáætlun þar sem fram kemur staða nemenda í námi, ákveðin markmið sem nemandi er ætlað að ná á skólaárinu og aðferðir sem notaðar eru til að meta hvort nemandinn hafi náð settum markmiðum. Nemendur geta verið með einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri námsgreinum.

Stoðþjónustan nær yfir sérkennslu og stuðning, námsráðgjöf og aðra sérfræðiaðstoð. Innan hennar starfa eftirtaldir aðilar:

- **Sérkennarar** eða kennarar sem sjá um sérkennslu ýmist í hópum eða einstaklingsbundið, inn í bekk eða í sérkennslustofu. Þeir aðstoða kennara við aðlögun námsefnis og námsmats þegar þörf er á og í samvinnu við kennara og þroskaþjálfara vinna þeir einstaklingsnámskrár og áætlanir fyrir nemendur.
- **Þroskaþjálfarar** vinna yfirleitt með ákveðnum nemendum en styðja einnig við ákveðna nemendahópa til dæmis hvað varðar félagsfærni. Þeir vinna náið með kennurum og sérkennurum við gerð einstaklingsnámskrár og áætlana fyrir nemendur.
- **Stuðningsfulltrúar** vinna undir leiðsögn deildarstjóra, kennara og þroskaþjálfara við að styðja nemendur námslega og félagslega. Þeir vinna mest inn í bekk og bæði með einstaklingum og hópum.
- **Nemendaráðgjafi** stendur vörð um velferð allra nemenda, styður þá og liðsinnir í málum sem snerta nám, skólavist og líðan nemenda. Hann heldur einnig utan um eineltisáætlun skólans.

Að auki á Breiðagerðisskóli, eftir því sem þurfa þykir, samstarf við ýmsa sérfræðinga og stofnanir utan skólans sem koma að málefnum nemenda.

Stoðþjónustan á til að mynda náíð samstarf við Norðurmiðstöð þar sem starfa til dæmis talmeinafræðingar, sálfræðingar og fleiri aðilar.

Að síðustu má nefna það innan Breiðagerðisskóla starfar nemendaverndarráð sem fundar að öllu jafna aðra hvora viku. Þar sitja skólastjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, námsráðgjafi, sálfræðingur frá þjónustumiðstöð og hjúkrunarfræðingur á vegum heilsugæslunnar.

Deildarstjóri stoðþjónustu er Ragna L. Jakobsdóttir

Nemendaráðgjafi er Guðlaug Sigurðardóttir